

Vegna fréttu sem birst hafa í fjölmiðlum á föstudag og um helgina vegna öryggisgalla í Java, vilja starfsmenn Netbókhalð.is benda á að ný útgáfa af Java (Java 7 update 11), var gefin út á sunnudag, en hún lokar fyrir umrædda galla. Því er notendum ráðlagt að uppfæra Java í þá útgáfu ( [www.java.com](http://www.java.com) )

Nánar:

Öryggisgallinn, sem sagt hefur verið frá, lýsir sér þannig að hægt hefur verið að keyra applet, án samþykkis notenda, á vefsíðu sem notendur eru gabbaddir til að skoða, appletíð getur svo framkvæmt aðgerðir í óþökk notandans.

Netbókhalð.is bendir á í þessu samhengi að þær hugbúnaðarlausnir sem fyrirtækið býður uppá, eru undirritaðar með öryggisskírteini og keyra á tölvum notenda með þeirra samþykki.

Peir notendur sem óska aðstoðar við að setja upp nýjustu útgáfu af Java geta haft samband í síma 533 2090 eða sent tölvupóst á [netbokhald@netbokhald.is](mailto:netbokhald@netbokhald.is).

Starfsfólk Netbókhalð.is